

Molta ehf.  
Þveráreyrar 1a  
601 Akureyri

Reykjavík 24. maí 2018  
UST201706-200/I.G.  
08.14.02

### **Ráðgefandi álit um endurnýtingu úrgangs**

Vísað er til umsóknar Moltu ehf., sem metin var fullnægjandi 6. apríl 2018, um ráðgefandi álit Umhverfisstofnunar á því hvort lífbrjótanlegur úrgangur hætti að vera úrgangur þegar hann hefur farið í gegnum endurnýtingaraðgerð sem framkvæmd er í jarðagerðastöð fyrirtækisins á Þveráreyrum. Álið er byggt á þeim gögnum sem stofnuninni hafa verið afhent og breskum viðmiðum, eins og síðar verður vikið að. Umhverfisstofnun hefur ekki skuldbundið sig til eftirlits með því hvort kröfurnar í þessum viðmiðum standist framvegis. Það er á ábyrgð Moltu ehf. að svo verði.

**Á grundvelli þeirra upplýsinga sem koma fram í umsókn Moltu ehf. er það álit Umhverfisstofnunar að sá lífbrjótanlegi úrgangur sem fer í gegnum endurnýtingaraðgerð hjá félaginu hætti að vera úrgangur í skilningi laga nr. 55/2003, um meðhöndlun úrgangs.**

Hér á eftir fer rökstuðningur fyrir framangreindu álti Umhverfisstofnunar.

Við gerð ráðgefandi álits tekur Umhverfisstofnun einkum mið af eftirfarandi fjórum matsþáttum þegar stofnunin metur hvort tiltekinn úrgangur hætti að vera úrgangur eftir endurnýtingaraðgerð, sbr. 6. gr. reglugerðar nr. 1078/2015, um endurnýtingu úrgangs:

1. Að úrganginum verði breytt í vöru sem hægt sé að setja á markað.
2. Að hægt sé að nota úrganginn sem fer í gegnum endurnýtingaraðgerð á sambærilegan hátt og sambærilega vöru á markaði sem hefur ekki verið unnin úr úrgangi.
3. Að hægt sé að geyma úrganginn sem fer í gegnum endurnýtingaraðgerð og nota hann á þann hátt að hann valdi ekki verri umhverfisáhrifum en sambærileg vara á markaði sem hefur ekki verið unnin úr úrgangi.
4. Að umsækjandi tryggi að varan uppfylli ávallt settar kröfur.

Almennt felur álit Umhverfisstofnunar vegna endurnýtingar úrgangs í sér samanburð á framleiðsluvöru við sambærilega vöru á markaði sem ekki er framleidd úr úrgangi. Hins vegar er erfitt að finna vöru sambærilega moltu sem ekki er framleidd úr úrgangi. Í 6. gr. reglugerðar um endurnýtingu úrgangs (1078/2015) kemur fram að Umhverfisstofnun sé heimilt að líta til tiltækra innlendra viðmiða um lok úrgangsfasa í einstökum EES-ríkjum við vinnslu ráðgefandi álits. Því mun Umhverfisstofnun líta til breskra viðmiða um lok úrgangsfasa fyrir moltu<sup>1</sup> og gæðastaðals fyrir moltu<sup>2</sup> við yfirferð umsóknar í stað hefðbundins samanburðar við sambærilega vöru.

### *1. Úrganginum er breytt í vöru sem hægt er að setja á markað*

Endurnýtingaraðgerð Moltu ehf. breytir lífbrjótanlegum úrgangi frá sláturhúsum, fiskvinnslum, heimilum, mótneytum og fyrirtækjum í moltu sem nýtist sem jarðvegsbætir Við vinnslu moltunnar er timburkurl, garðaúrgangur, húsdýraáburður og pappír notað sem stoðefni. Í umsókn koma fram kröfur um m.a. hreinleika sem gerðar eru til hráefna er rata inn í endurnýtingarferlið, annars vegar úrgangs og hins vegar stoðefna. Einnig kemur fram að vinnureglur séu til staðar til að tryggja að einungis lífbrjótanlegur úrgangur rati inn í ferlið en engir aðskotahlutir eða annar úrgangur. Skv. starfsleyfi Matvælastofnunar er Moltu ehf. einungis heimilt að vinna moltu úr sláturúrgangi í 3. áhættuflokki ásamt innihaldi meltingarvegar og búsfjáráburði sem er í 2. áhættuflokki. Í umsókn kemur fram að vottorð um áhættuflokkun úrgangs frá sláturhúsum fylgi hverjum farmi þessu til staðfestingar.

Reglulegar hitamælingar eru gerðar í endurnýtingarferlinu til að tryggja að hitastig fari yfir 70°C þannig að óæskilegar bakteríur dreppist. Í umsókn kemur fram að framleiðsluafurðin, molta, er talin tilbúin þegar hitastig hefur lækkað aftur. Þetta verklag er í samræmi við þær kröfur sem gerðar eru í breska gæðastaðlinum fyrir moltu þar sem mælst er fyrir um að hitastig fari a.m.k. yfir 65°C í 7 samfellda daga.

Í umsókn kemur fram að endurnýtingarferlið fari fram í samræmi við þær kröfur sem gerðar eru í reglugerðum er taka til jarðgerðar og er umsækjandi með starfsleyfi frá Heilbrigðiseftirliti Norðurlands eystra. Matvælastofnun sér um árlegt eftirlit á starfsseminni þar sem farið er yfir gæðakerfi Moltu ehf. og tryggt að viðeigandi skilyrði séu uppfyllt. Jarðgerð fellur ekki undir ákvæði reglugerðar nr. 888/2015 um skráningu, mat, leyfisveitingu og takmarkanir að því er varðar efni (REACH).

Framleiðluvaran, molta, nýtist sem jarðvegsbætir og til áburðargjafar. Í umsókn kemur fram að fastir notendur moltunnar verði sveitarfélögin við Eyjafjörð og íbúar þeirra. Umhverfisstofnun telur að umsækjandi hafi þar með sýnt að markaður fyrir vöruna sé stöðugur og öruggur.

<sup>1</sup> Quality Protocol: Compost. End of waste criteria for the production and use of quality compost from source-segregated biodegradable waste. Environment Agency, Northern Ireland Environment Agency & The Waste and Resources Action Programme (WRAP).

<sup>2</sup> PAS 100:2011 Specification for composted materials. The Waste and Resources Action Programme (WRAP), Association for Organics Recycling & British Standards Institution (BSI).

Umhverfisstofnun telur að umsækjandi hafi fært fullnægjandi rök fyrir því að úrganginum sé breytt í vörum sem hægt er að setja á markað og að moltan uppfylli þar með fyrsta matsþátt álitsins.

*2.- 3. Samanburður við sambærilega vörum á markaði sem hefur ekki verið unnin úr úrgangi*

Líkt og kemur fram að ofan, þá lítur Umhverfisstofnun til breskra viðmiða um lok úrgangsfasa fyrir moltu<sup>1</sup> og gæðastaðals fyrir moltu<sup>2</sup> við yfirferð umsóknar í stað hefðbundins samanburðar við sambærilega vörum.

Sá úrgangur sem er endurnýttur í jarðgerðarferlinu er samþykktur í moltugerð skv. fyrrnefndum breskum viðmiðum. Enn fremur þá tryggir umsækjandi að einungis lífbrjótanlegur úrgangur rati inn í endurnýtingarferlið.

Í gæðastaðli fyrir moltugerð sem vísað er til í bresku viðmiðunum kemur fram hvaða efni skuli mæla til að tryggja lágmarksgæði moltu. Krafa um mælingar margra þessara efna er einnig gerð í viðeigandi reglugerðum, starfs- og rekstrarleyfi. Greind voru öll þau efni er gæðastaðallinn tekur til, bæði örverur og þungmálmar. Molta ehf. ber ábyrgð á því að verði gerðar breytingar á samsetningu hráefnis sem gætu síðar kallað á mælingar, muni félagið framkvæma þær.

Samanburður á efnasamsetningu moltu umsækjanda við gæðastaðal sýnir að sú endurnýtingaraðgerð sem framkvæmd er hjá félagini gefi af sér afurð sem geti staðist þær kröfur sem gerðar eru. Nauðsynlegt er að framleiðsluvaran uppfylli ávallt kröfur gæðastaðalsins.

Umhverfisstofnun telur að umsækjandi hafi fært fullnægjandi rök fyrir því að sú endurnýtingaraðgerð sem framkvæmd er hjá félagini geti framleitt vörum sem uppfylli kröfur sem gerðar eru í breskum viðmiðum fyrir lok úrgangsfasa og tengdum gæðastaðli fyrir moltu. Einnig telur stofnunin að umsækjandi hafi sýnt fram á að framleiðsluvaran valdi ekki skaðlegum umhverfisáhrifum við framleiðslu eða notkun. Þar með uppfyllir framleiðsluvaran annan og þriðja matsþátt álitsins.

*4. Trygging fyrir að vara uppfylli ávallt settar kröfur*

Líkt og kemur fram að ofan, þá er mikilvægt að sýna fram á að framleiðsluvaran uppfylli ávallt þær kröfur sem gerðar eru. Tíðar sýnatökur og efnagreiningar á framleiðsluvörum, skilgreindir verkferlar og skýr viðmið við mat á greiningum eru því mikilvæg.

Í umsókn Moltu ehf. kemur fram að sá úrgangur sem á að endurnýta sé einungis lífbrjótanlegur úrgangur frá sláturhúsum, fiskvinnslum, heimilum, mötuneytum og fyrirtækjum. Líkt og kemur fram að ofan, þá eru vinnureglur til staðar ásamt kröfum til hráefna sem eiga að tryggja hreinleika hráefna og að engir aðskotahlutir eða annar úrgangur rati inn í ferlið.

Í umsókn kemur fram að til að tryggja gæði moltunnar séu örverusýni greind í hverri viku úr safnhaugum úr tromlum. Í Gæðahandbók Moltu má finna aðgerðaáætlun við frávikum í mælingum á örverum, hitastigi og sýrustigi sem m.a. felur í sér aðskilnað á


framleiðslulotu frá annarri framleiðslu ásamt ítarlegra eftirliti þar til mælingar eru aftur eðlilegar. Minnst er á fyrirhugaðar breytingar á sýnatökuferlinu að því leiti að sýni verði tekin úr hverjum haug eða múga. Mikilvægt er að umsækjandi tryggi að fyrirhugaðar breytingar og tíðni sýnatöku uppfylli viðeigandi kröfur. Einnig kemur fram í umsókn að árlega verði sýni greind fyrir þeim þungmálum er breski gæðastaðallinn mælir fyrir um.

Greiningar á sýnum fara fram hjá ProMat ehf. sem er faggild rannsóknarstofa og beitir faggildum mæliaðferðum. Í umsókn kemur fram að verkferlar séu í stöðugri endurskoðun út frá niðurstöðum innra eftirlits ásamt reglubundnu eftirliti Matvælastofnunar.


Molta ehf. hefur skv. framansögðu fært gild rök fyrir því að það muni geta tryggt að framleiðsla vörunnar muni ávallt standast settar kröfur og þar með uppfylla fjórða matsþátt álitsins.

Vakin er athygli á að ef sett verða viðmið um lok úrgangsfasa fyrir þann úrgang sem ráðgefandi álit Umhverfisstofnunar fjallar um, sbr. reglugerð nr. 564/2014 um lok úrgangsfasa, þá fellur ráðgefandi álit Umhverfisstofnunar úr gildi og ber umsækjanda þá að fara eftir þeim viðmiðum um lok úrgangsfasa, sbr. 7. gr. reglugerðar nr. 1078/2015 um endurnýtingu úrgangs. Jafnframt er vakin athygli á því að Umhverfisstofnun er heimilt að afturkalla ráðgefandi álit sitt ef mengun af notkun viðkomandi vöru er meiri en búast mátti við þegar áliðið var veitt eða ef breytingar verða á öðrum forsendum er lágu til grundvallar álitinu, sbr. 7. gr. reglugerðar nr. 1078/2015, um endurnýtingu úrgangs.

Virðingarfyllst



Kristín Linda Arnadóttir  
Forstjóri



Ingunn Guðmarsdóttir  
Sérfræðingur